

Borgarstjórn Reykjavíkur
10. febrúar 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á Klapp, greiðslukerfi Strætó

Borgarstjórn samþykkir að óháðu ráðgjafarfyrirtæki verði falið að gera úttekt á Klapp-greiðslukerfi Strætó bs. og koma með tillögur til úrbóta. Úttektin feli í sér mat á virkni kerfisins frá því það var tekið í notkun. Skoðaðir verði verkferlar við val, kaup og innleiðingu sem og val á samstarfsaðila, hugbúnaði og tækjabúnaði. Metið verði hvort hugbúnaður og tækjabúnaður kerfisins séu fullnægjandi og standist samanburð við sambærileg kerfi í nágrennalöndum. Þá verði metið hvernig greiðslukerfið þjónar farþegum, með tilliti til afgreiðsluhraða, áreiðanleika og notendaupplifunar. Þessir þættir verði metnir frá sjónarhóli farþega gagnvart mismunandi lausnum kerfisins, þ.e. hvort keyptur sé stakur miði, tíu miða spjald, dagpassi eða kort fyrir lengra tímabil. Loks verði í úttektinni tekin afstaða til þess hvort æskilegt sé að halda áfram með núverandi greiðslukerfi eða skoða kaup á betra kerfi, sem sannað hefur gildi sitt varðandi virkni, rekstraröryggi og þjónustu við farþega. Skrifstofu borgarritara verði falið að semja við ráðgjafarfyrirtæki vegna málsins. Niðurstöður úttektarinnar verði kynntar borgarráði fyrir 1. maí 2023.